

Samningur

um umsjón og rekstur friðlandsins við Varmárósa í Mosfellsbæ

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og sveitarfélagið Mosfellsbær kt. 470269-5969
gera með sér samning um umsjón friðlandsins við Varmárósa í Mosfellsbæ í samræmi við 30. gr.
laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur friðlandsins sé í samræmi við lög um
náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingum um friðlýsingum
sjávarfitja og friðlandsins við Varmárósa.


3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Að norðan eru mörkin dregin frá punkti sem staðsettur er norður af odda Hestþinghóls og til
suðurs í punkt sem liggur um 50 metra vestan Hestaþinghóls. Þaðan liggja mörkin til suðausturs
meðfram reiðstíg í um 5 metra fjarlægð og meðfram línu trjálundar. Við suðausturhornið kemur
útskot til samræmis við legu reiðstígs og þaðan liggja mörkin til norðausturs meðfram skurði við
hesthúsahverfi. Við enda þeirrar línu liggja mörkin til norðvestur og síðan eftir aðalál Varmár í
punktum til norðurs að upphafspunkti. Sjá eftirfarandi hnitatöflu:

Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit	Y-hnit
1	368387,7	411152,9	7	368698,3	410722,3	13	368686,9	410970,4
2	368387,6	410940	8	368714,3	410727,9	14	368619,9	410982,6
3	368438,1	410924	9	368731,5	410722,8	15	368516,8	411050,1
4	368456,7	410913,3	10	368897,8	410917,4	16	368489,2	411106,7
5	368574,2	410820,5	11	368868,1	410961,3	17	368447,1	411149,1
6	368601,6	410764,9	12	368776	410958,5			

OK
M
S



4. gr.
Verndun gróðurs, dýralífs og landslags

Vernda skal tegundina fitjasef og búsvæði hennar ásamt lífríki svæðisins þannig það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningi í friðlandinu. Búfjárbeit, þ.m.t. hrossabœit er óheimil innan friðlandsins. Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi, þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf á friðlandinu.

5. gr.
Umferð um friðlandið

Almenningi er heimil fyrir um friðlandið og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Umferð vélknúinna farartækja er óheimil innan marka friðlandsins.

Óheimilt er að hafa hunda lausa innan friðlandsins.

6. gr.
Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.

Öll mannvirkjagerð svo og aðrar breytingar á landslagi eru bannaðar. Allt rask á jarðmyndunum eru óheimilar á verndarsvæðinu, þ.m.t. efnistaka.

7. gr.
Veiði og notkun skotvopna

Öll meðferð skotvopna sem og veiðar eru bannaðar innan friðlandsins.

OK
SS

JK

8. gr.

Umsjón með friðlandinu

Umsjón og rekstur friðlandsins skal vera í höndum sveitarfélagsins Mosfellsbæjar, samkvæmt samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins Mosfellsbæjar sem umhverfisráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir friðlandið í samráði við sveitarfélagið Mosfellsbæ, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

9. gr

Verndaráætlun og vöktun

Umhverfisstofnun skal í samvinnu við sveitarfélagið Mosfellsbæ sjá um gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlysta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, en þar skal m.a. fjallað um vöktun á lífríki.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins og lífríki og upplýsir Umhverfisstofnun og sveitarfélagið Mosfellsbæ um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

10. gr.

Umsjón og landvarsла.

Mosfellsbær sér um daglega umsjón og rekstur friðlandsins. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sér um að svæðið líti vel út, fjarlægi rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðast við akstri utan vega o.s.frv. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Ef ráðinn er landvörður fyrir friðlandið skal viðkomandi að lágmarki uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

11. gr.

Fraðsla.

Umhverfisstofnun og Mosfellsbær hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis, svo sem bæklinga og skilta. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðamálastofu. Um skiptingu kostnaðar vegna útgáfu fræðsluefnis skal samið hverju sinni.

12.gr

Gjaldtaka og þjónustugjöld

Sveitarfélaginu Mosfellsbæ er heimilt að taka þóknun fyrri þjónustu sem veitt er innan náttúruverndarsvæðisins svo sem leiðsögn um svæðið.

13. gr.

Skipting kostnaðar.

Mosfellsbær kostar laun og annan kostnað vegna daglegrar umsjónar og rekstrar á friðlandinu. Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

14. gr.

Skýrslugerð.

Mosfellsbær skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi á friðlandinu. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar fyrir 1. nóvember. Í skýrslunni skal m.a. tilgreina ástand lands og lífríkis, áætlaðan gestafjölda, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi friðlandið.

15. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndaráætlun.

16. gr.

Gildistaka.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfisráðherra einu.

17. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 3 árum liðnum frá undirritun hans.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 6 mánuðir.

18. gr.

Meðferð ágreiningsmála.


Umhverfisráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

17. september 2012


F.h. Umhverfisstofnunar,


Ólafur Úlfur Þorláksson
Umhverfisstofnun
Sviðsstjóri.

F.h. Mosfellsbæjar,


Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri

Staðfesting umhverfisráðherra,


Svandís Svavarsdóttir
ráðherra

Vottar:

